

Fundargerð 81. fundar

verkefnisstjórnar fyrir hagsmunagæslu í úrgangsmálum

Árið 2023, þriðjudaginn 31. janúar kl. 13:00 kom Verkefnisstjórn fyrir hagsmunagæslu í úrgangsmálum saman til fundar og fer hann fram í gegnum fjarfundarbúnað.

Fundinn sátu: Jón Viggó Gunnarsson, Steinþór Þórðarson, Hildigunnur Rut Jónsdóttir, Friðrik Klingbeil Gunnarsson, Hrefna Bryndís Jónsdóttir og Stefán Aspar Stefánsson.

Að auki sátu fundinn Guðjón Bragason sviðsstjóri, Freyr Eyjólfsson starfsmaður, Þorgerður M. Þorbjarnardóttir starfsmaður, Eygerður Margrétardóttir verkefnisstjóri, sem ritaði fundargerð og Flosi Hrafn Sigurðsson lögfræðingur.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

1. Fundargerð 80. fundar - 2210013SA

Fundargerð 80. fundar lögð fram til samþykktar. Engar athugasemdir hafa komið fram við fundargerðina.

Fundargerðin er samþykkt.

2. Áframhaldandi samstarf um innleiðingu hringrásarhagkerfis - 2112034SA

Undirritaður hefur verið nýr samstarfssamningur milli umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytisins (URN) og sambandsins. Samningurinn felur í sér stuðning við innleiðingu Borgað þegar hent er kerfa við innheimtu gjalda fyrir meðhöndlun úrgangs og fjármögnun umfjöllunar sem m.a. segir frá starfi sveitarfélaga að innleiðingu hringrásarhagkerfis í samstarfi við RÚV.

Rætt var almennt um stöðu innleiðingarverkefna og þörf fyrir frekari stuðning við innleiðingu hjá sveitarfélögum. Reglulegir opnir fundir eru fyrirhugaðir á vegum sambandsins og verður sá fyrsti í samstarfi við Úrvinnslusjóð 15. febrúar. Til skoðunar er hvernig hægt verði að auka samstarf sveitarfélaga og Ríkiskaupa um innkaupamál. Stefnt er að gerð könnunar meðal sveitarfélaga m.a. um stöðu innleiðingarvinnu í samstarfi við URN. Einnig hefur farið fram samtal við ráðuneytið um leiðir til að tryggja að staðfesting og birting samþykktar fyrir meðhöndlun úrgangs geti gengið sem greiðast.

Verkefnisstjórn lýsir ánægju með þær hugmyndir sem kynntar voru á fundinum um innleiðingarverkefni undir yfirskriftinni Samtaka um hringrásarhagkerfis og fræðslu til sveitarfélaga um innleiðingu hringrásarhagkerfis. Starfsmönnum sambandsins var falið að þróa þessar hugmyndir frekar í samráði við verkefnisstjórn.

3. Sjónvarpsþættir um hringrásarhagkerfi og starf sveitarfélaga - 2112034SA

Sambandið hefur með stuðningi umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytisins unnið að fræðslu um hringrásarhagkerfið og úrgangsstjórnun sveitarfélaga. Í

samstarfi við RÚV og fleiri aðila kemur sambandið að gerð sex sjónvarpsþátta um daglegt líf og daglegar venjur. Þema þáttanna verður eftirfarandi: Hvernig get ég nýtt betur það sem ég á, dregið úr kolefnisspori mínu en ekki síst dregið saman útgjöld og brúð? Rætt er við margskonar fólk sem tileinkar sér hringásarhagkerfið. Lífandi, litrík innslög þar sem fólk sýnir hvernig er hægt að endurnýta, endurnota, endurhanna og endurvinna allt mögulegt og spara þannig peninga og kolefnissporið. Hringrásarverkefni í ýmsum sveitarfélögum heimsótt.

Freyr Eyjólfsson sérfræðingur SORPU bs. og þáttagerðarmaður sagði frá verkefninu og svaraði spurningum. Sambandið mun ræða við ráðuneytið um hvort það sé skilyrði fyrir styrk til þessa verkefnis ef þættir fara ekki í loftið fyrr en eftir næstu áramót.

4. **Málefni Úrvinnslusjóðs og framlengdrar framleiðendaábyrgðar - 2009107SA**

Farið var yfir þróun mála varðandi framlengda framleiðendaábyrgð. Úrvinnslusjóður hefur samþykkt gjaldskrá fyrir sérstaka söfnun þeirra úrgangsflokka sem bera framlengda framleiðendaábyrgð. Starfshópur um framleiðendaábyrgðarkerfið skilaði skýrslu þann 30. nóvember og var haldin vinnustofa 11. janúar. Vinnufundur verkefnisstjórnar 9. janúar var haldin til undirbúnings fyrir þann fund.

Sambandið hafði frumkvæði að fundi um drög að samningi Úrvinnslusjóðs annarsvegar og Samtaka fyrirtækja í sjávarútvegi (SFS) og veiðarfæragerða hinsvegar sem haldinn var í desember og framhaldsfundi sem haldinn var 30. janúar með þátttöku SFS, Hafnasambands Íslands og verkefnisstjórnar. Á þeim fundi var ákveðið að gera samstarfsyfirlýsingu sem kynnt var í drögum fyrir verkefnisstjórn.

Verkefnisstjórn tekur undir þá umgjörð og áherslur fyrir samstarfsvettvang um söfnun og meðhöndlun veiðarfæraúrgangs sem kynnt var á fundinum. Verkefnisstjórn áréttar fyrri afstöðu að þörf er á endurskoðunarákvæði í samningi á milli Úrvinnslusjóðs, SFS og veiðarfæragerða.

5. **Breytt innheimta sveitarfélaga fyrir meðhöndlun úrgangs - 2109026SA**

Með nýlegum lagabreytingum er sveitarfélögum gert skylt að innheimta gjalda fyrir söfnun og meðhöndlun úrgangs verði sem næst raunkostnaði, þannig að að fast gjald fyrir úrgangsmeðhöndlun skuli takmarkast við 50% til ársins 2025 og 25% eftir það en að öðru leyti verði greitt fyrir magn úrgangs sem til fellur frá hverju heimili. Sambandið hefur í samstarfi við Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið og Húsnæðis og mannvirkjastofnun boðið öllum sveitarfélögum að taka þátt í verkefni um breytta innheimtu fyrir meðhöndlun úrgangs. Verkefnið nefnist „Borgað þegar hent er heim í hérað“. Fjórtán sveitarfélög hafa skrifað undir viljayfirlýsingu og eru farin af stað í verkefnið. Til grundvallar verkefninu liggur fyrir reynsla af „Borgað þegar hent er hraðli“ sem sambandið setti á laggirnar í október sl. og greining sem ráðgjafafyrirtækið EFLA vann fyrir sambandið. Einnig hefur verið unnið minnisblað um gjaldskrárgerð m.t.t. innleiðingu BPHE kerfa.

Þorgerður Þorbjarnardóttir verkefnisstjóri og Flosi Hrafn Sigurðsson lögfræðingur hjá sambandinu sögðu frá verkefninu. Fram kom í þeirra máli að 14 sveitarfélög hafa skrifað undir viljayfirlýsingu þess efnis að innleiða BPHE kerfi, rýmisleiðina þar sem gjöld eru lögð á samhliða fasteignagjöldum líkt og Grímsnes- og Grafningshreppur og Ísafjarðarbær hafa nú þegar gert. Verkefnið gengur heilt yfir vel en í því felast jafnframt áskoranir. Fleiri sveitarfélög hafa sýnt verkefninu áhuga og vilja hefja innleiðingu. Fjármagn til verkefnisins er takmarkað en markmið er að nýta það sem best. Tímapressan er mikil ef það á að leggja á fyrir komandi ár en allmörg sveitarfélög stefna að því að leggja á næstu áramót.

6. Uppbygging líforkuvers á norðurlandi - 2202016SA

Unnið hefur verið frumhagkvæmnimat á uppbyggingu Líforkuvers á Norðurlandi. Í matinu er sett fram framtíðarsýn fyrir söfnun, meðhöndlun og nýtingu lífræns úrgangs á starfssvæði Samtaka sveitarfélaga á Norðausturlandi (SSNE). Skýrslan er aðgengileg á vef SSNE: <https://www.ssne.is/is/um-ssne/frettir/frumhagkvaemnimat-liforkuvers-komid-ut>.

Smári Jónas Lúðvíksson verkefnastjóri umhverfismála hjá SSNE kom á fundinn, kynnti matið og svaraði spurningum fundarmanna. Hann tengdi verkefnið m.a. við þörf fyrir öruggan farveg fyrir dýraleifar, sem lengi hefur verið kallað eftir, ásamt öðrum sóknarfærum sem stuðlað geta að innleiðingu hringrásarhagkerfis hér á landi með því að meðhöndla úrgang sem hráefni.

Jón Viggó Gunnarsson vék af fundi.

7. Samræmd skilaboð vegna breytinga á lögum og nýr vefur - 2205011SA

Umhverfisstofnun hefur leitt samtal ýmissa hagaðila í úrgangsmálum um mótun samræmdra skilaboða til almennings vegna breytinga í úrgangsmálum. Auglýsingaefni er í smíðum sem fer í birtingu í febrúar. Útbúin hefur verið birtinga- og kostnaðaráætlun og óskað er eftir aðkomu sveitarfélaganna að verkefninu. Einnig hefur Umhverfisstofnun nýlega opnað vefsíðuna urgangur.is sem inniber ýmiskonar upplýsingar og gögn sem gagnast sveitarfélögum í þeirra vinnu að bættri úrgangsstjórnun og innleiðingu hringrásarhagkerfis.

Hugrún Geirsdóttir sérfræðingur í teymi hringrásarhagkerfis hjá Umhverfisstofnun, komu á fundinn og sögðu frá þessum verkefnum stofnunarinnar. Einnig tóku Birgitta Stefánsdóttir, sérfræðingur hjá Umhverfisstofnun og Gunnar Dofri Ólafsson samskiptastjóri SORPU bs. þátt í þessum fundarlið. Fram kom að Umhverfisstofnun sér um að láta vinna kynningarefni sem sveitarfélög og aðrir geta notfært sér án greiðslu. Verkefnið hefur hlotið heitið „Allan hringinn“. Rætt var almennt um frekara samstarf um fræðslu til almennings og fjármögnun þess, m.a. út frá tímalínu sveitarfélaga á SV-horninu sem gera m.a. ráð fyrir að samræmt fyrirkomulag sérsöfnunar verði innleitt með vorinu og verður sérstakt vefsvæði nýtt til upplýsingamiðlunar fyrir íbúa á höfuðborgarsvæðinu.

8. Framkvæmd sérsöfnunar á textíl með tilliti til nýrra laga - 2301049SA

Fundarliðnum var frestað til næsta fundar.

9. Önnur mál - 2009111SA

Næsti fundur verkefnisstjórnar verður miðvikudaginn 8. febrúar kl. 9.

Fundi var slitið kl. 15:15

Jón Viggó Gunnarsson

Steinþór Þórðarson

Hildigunnur Rut Jónsdóttir

Friðrik Klingbeil Gunnarsson

Hrefna Bryndís Jónsdóttir

Stefán Aspar Stefánsson